

Deiliskipulag Móahverfis – Athugasemdir/umsagnir og svör

Tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar 10. maí 2022

Nafn	Athugasemd	Svar
Unnsteinn Jónsson	Gerð er athugasemd við að göngu- og hjólastígar þveri götur með miklum krókum. Eru sýnd nokkur dæmi um hvar það er í deiliskipulagi og er óskað eftir við vinkilbeygjum verði fækkað eins og mögulegt er.	Almennt eru skiptar skoðanir á því hvort að göngu- og hjólastígar eigi að þvera götur fyrir bíla beint eða með því að hafa þverun með smá beygju. Ástæða fyrir beygjuni er til að gangandi og hjólandi þveri ekki götur á miklu hraða heldur þurfi að beygju upp í átt að umferðinni. Með því móti hægist á viðkomandi auk þess sem sýn á umferð akandi eykst. Á þetta sérstaklega við um börn. Það er þó hægt að gera aðrar ráðstafanir til að bregðast við þessari hættu of verður athugasemdin vísað áfram til skoðunar í vinnu við ítarlegri hönnun gatnakerfisins.
Ólafur Kjartansson	Það er ekki í anda gildandi umferðarlaga að formlegar samgönguleiðir inna hverfisins verði blandaðar leiðir hjólandi og gangandi.	Í auglýstri tillögu var miðað við 3 m breiða tengistíga með blandaðri umferð gangandi og hjólandi en í samþykktu deiliskipulagi er miðað við að tengistígar geti verið allt að 5 m samtals með aðskildum hjóla- og göngustígum.
Engilbert Ingvarsson	Er gert ráð fyrir biðstöðvum fyrir strætó í skipulaginu.	Í deiliskipulaginu eru ekki afmörkuð svæði fyrir biðstöðvar þar sem ekki liggur fyrir hvar leiðir strætó muni fara í framtíðinni. Það er þó nægt pláss fyrir stoppustöðvar, bæði við Borgarbraut þar sem líklegast er að strætó muni fara um og safngötuna sem fer í gegnum hverfið.

<p>Jón Hjaltason</p>	<p>Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðum fyrir 60+ í fjölbýlishúsum við torgsvæði. Liggur fyrir hversu margar íbúðir þetta verða og verða blokkirnar ekki byggðar nema að áfráðið verði með hvaða verslun skuli koma á jarðhæð?</p>	<p>Samkvæmt deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að í þremur fjölbýlishúsum við torgsvæðið (norðan og vestan) geti verið á bilinu 72-84 íbúðir. Varðandi verslunarstarfsemi á jarðhæð að þá er a.m.k. ekki gert ráð fyrir að heimilt verði að nýta neðstu hæðina fyrir íbúðir.</p>
<p>Norðurorka</p>	<p>Bent er á að m.t.t. fráveitu, <u>hitaveitu og rafveitu</u> sé mikilvægt að byggingarmagn verði ekki aukið umfram það sem aðal- og deiliskipulagið gerir ráð fyrir til að ekki þurfi að fara í breytingar á lögnum síðar.</p> <p>Bent er á að í skipulaginu er ekki gert ráð fyrir svæði fyrir opinberar/sameiginlegar hleðslustöðvar.</p> <p>Mikilvægt er að náíð samráð verði haft við Norðurorku þegar kemur að útfærslu á lóðum undir dreifi- og dælustöðvar.</p> <p>Merking dælu- og dreifistöðva í skipulagi.</p>	<p>Á lóðum fjölbýlishúsa í Móahverfi er sett fram ákveðið bil varðandi fjölda íbúða í stað þess að sett sé fram ákveðinn fjöldi. Er því gert ráð fyrir að íbúðafjöldi verði ekki aukinn umfram hámarkið. Það er meiri óvissa um seinni áfanga íb23 þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir en miðað er við að íbúðafjöldi geti ekki verið meiri en 5-10% hærri en tölur aðalskipulagsins miðað við.</p> <p>Þessari ábendingu verður vísað til vinnu við hönnun hverfisins og skoðað hvort ekki megi koma upp a.m.k. tveimur opinberum hleðslustöðvum í hverfinu.</p> <p>Akureyrarbær leggur áherslu á gott samstarf við Norðurorku og aðra hagsmunaaðila við áframhaldandi hönnun hverfisins.</p> <p>Ekki er þörf á að merkja minni dælu- og dreifistöðvar innan íbúðarsvæða með sérstökum hætti. Á það eingöngu við um stærri stöðvar sem þjóna Akureyri sem heild.</p>

Hörgársveit	Ekki er gerð athugasemd við deiliskipulag Móahverfis en minnt á mikilvægi þess að vegtengingar standist á, á sveitarfélagamörkum.	Þegar farið verður í deiliskipulag seinni áfanga svæðis í aðalskipulagi sem merkt er sem Íb23 verður haft samráð við Hörgársveit um hvernig best sé að hafa tengingu milli sveitarfélaga.
Minjastofnun Íslands	Engar athugasemdir gerðar við skipulag Móahverfis	